



Sestu lestu



Galdraskólinn

VERKEFNI

Nafn: _____



Áður en sagan er lesin
skaltu skoða bókina og svara
eftirfarandi spurningum:

1. Hvað heitir sagan? _____
2. Eftir hvern er sagan? _____
3. Hver teiknaði myndirnar í bókinni? _____
4. Hver gefur bókina út? _____
5. Hvað er bókin margar blaðsíður? _____
6. Hvað eru margir kaflar í bókinni? _____
7. Skoðaðu myndirnar á bókarkápunni. Um hvað heldur þú að sagan sé?
Gefa myndirnar einhverjar vísbendingar? _____

8. Rifjaðu nú upp allt sem þú veist um galdra og skrifaðu það niður.
Kannski geta myndirnar á bókarkápunni hjálpað þér.

1. kafli Saurbær bls. 5-7



1. Hvað heitir aðalpersónan í sögunni? _____

2. Hvers vegna hafði Katja ekki leitt hugann að því að fara í galdraskóla?

3. Hvað varð til þess að áhugi hennar á galdraskóla jókst?

- ☐ Hún fékk pakka með galdradóti.
- ☐ Hún fékk bréf.
- ☐ Mamma hennar var fræg galdranorn.

4. Hvert var Katja að fara með rútunni? _____

5. Hvað merkir orðið *afleggjari* í sögunni?

- ☐ Vegur eða vegspotti út frá aðalvegi.
- ☐ Lítið útskot til að leggja rútu.
- ☐ Vegur sem ekki er notaður lengur.
- ☐ Vegur þar sem stoppa má bílinn og leggja sig.

6. Lýstu bænum og umhverfinu sem blasti við Kötju. _____

7. Af hverju hélt Katja að hún væri á röngum stað? _____

8. Af hverju ætli Katja hafi látið sig dreyma um
að láta töskuna svífa á undan sér?



9. Hver heldur þú að Gudda sé? _____

11. Finndu 10 nafnorð í kaflanum og skrifaðu þau hér fyrir neðan.

2. kafli Sækýr, bls. 10-13

1. Um hvað voru krakkarnir að læra í fyrstu kennslustundinni?

2. Hvað hét kennarinn og hvaða viðurnefni hafði hann?

3. Katja iðaði af spenningi. Hvað merkir *að iða*?

- ☐ Að vera á sífelldri hreyfingu.
- ☐ Að vera með svima.
- ☐ Að vera flökurt.



4. Hvers vegna iðaði Katja af spenningi?

- ☐ Hún var viss um að Sæmundur ætlaði að mjólka sækúna.
- ☐ Hún var viss um að hún væri mjög góð norn.
- ☐ Hún var viss um að hún fengi að sjá alvöru galdra.

5. Segðu frá krökkunum sem voru í kennslustundinni. _____

6. Hvernig hafði Katja undirbúið sig fyrir dvölinna á Saurbæ?

- ☐ Hún hafði æft alla galdra sem hún fann.
- ☐ Hún hafði lesið allar þjóðsögur sem hún fann.
- ☐ Hún hafði slakað á og gætt þess að sofa vel.

7. Hvernig lýsti Katja sækúnum? _____

8. Af hverju ætli Sæmundur uppfræðari hafi horft dapur á Kötju? _____

9. Af hverju ætli Katja hafi roðnað? _____

10. Hvað átti Sæmundur uppfræðari við þegar hann sagði að á Saurbæ iðkuðu þau mannúðlegar aðferðir við sækýrnar og það væri stranglega bannað að afmynda þær? _____

11. Hvað átti Katja að gera í fjósinu?

- ☐ Hún átti að moka flórinn.
- ☐ Hún átti að mjólka sækýrnar.
- ☐ Hún átti að fóðra sækýrnar.

12. Hvað merkir *að moka flórinn*?

- ☐ Að moka holu fyrir kúaskít.
- ☐ Að raka saman hey í fjósi.
- ☐ Að moka kúaskít út úr fjósi.

13. Skoðaðu myndirnar í næsta kafla og veltu fyrir þér söguþræðinum.

Hvað heldur þú að gerist í kaflanum?


Ræddu við félagi. Eruð þið með svipaðar hugmyndir?



3. kafli Veðurgapinn, bls. 14-18

1. Katja starði á slepjugan fiskinn. Hvað merkir *slepjugur*?

- ☐ silkiborinn
- ☐ hrjúfur
- ☐ slímugur



2. Af hverju vildi Sæmundur kenna krökkunum að kalla fram óveður?

3. Hvaða fleiri ástæður gætu verið fyrir því að gagnlegt væri að stjórna veðrinu? _____


4. Hvað framkallaði óveður samkvæmt Sæmundi og Guddu?

- ☐ veðurstokkur
- ☐ veðurgapi
- ☐ veðurspá

5. Í kaflanum er notað samheiti yfir orðið galdraveður. Hvaða orð er það?

6. Af hverju vonaði Katja að það myndi hvesa? _____

7. Hvernig virkaði veðurgapinn sem Katja útbjó?




8. Skoðaðu myndina á bls. 18.
Hvers konar skepna ætli sé á myndinni?

9. Í kaflanum eru nokkur sérnöfn og mörg samnöfn. Finndu fimm sérnöfn og fimm samnöfn og skrifaðu þau í töfluna hér fyrir neðan.

sérnöfn	samnöfn

4. kafli *Galdranámið*, bls. 19-22



1. Hvað var það sem Kötju líkaði illa við dvölina á Saurbæ?

Nefndu að minnsta kosti tvennt. _____

2. Hvað var það sem Kötju fannst verst af öllu?

- ☐ Hún fékk aldrei frið á klósettinu.
- ☐ Loftur var ekki vinur hennar.
- ☐ Hún var ekki enn búin að galdra neitt.

3. Hvers konar dýr er fjörulalli? (sjá bls. 50 í bókinni)

4. Hvað gerðist þegar Katja setti draumstafi undir koddann sinn?

5. Hvernig áttu draumstafir að virka? (sjá einnig bls. 52 í bókinni)

6. Af hverju ætli það hafi verið huggun fyrir Kötju að Kolbeinn var ekki heldur búinn að galdra neitt? _____

7. Hvers vegna áleit Katja að Dísu og Höllu gengi betur að galdra en henni sjálfri?

- ☐ Af því að þær áttu forfeður sem voru galdrameistarar.
- ☐ Af því að þær voru búnar að vera svo lengi í skólanum.
- ☐ Af því að þær lögðu álög á Kötju.



8. Hvað gerðu Katja og Loftur sér til dægrastyttingar? _____

9. Af hverju vildi Katja leika sér með boltann þegar fáir sáu til?

10. Skoffín, urðarköttur og moðyrmi eru svokölluð kynjadýr. Hvað eru kynjadýr?

Ræddu við félagi eða aflaðu þér upplýsinga í orðabók.

11. Taktu saman helstu atriðin úr kaflanum og segðu félagi þínum frá þeim í réttri atburðarás.

5. kafli Heppnasta stelpa í heimi, bls. 23-25



1. Hvaða skoðun hafði Kolbeinn á göldrum?

- ☐ Honum fannst galdrar vera stórkostlegir og hafði trú á eigin galdramætti.
- ☐ Hann trúði því að nýta mætti galdra til góðs og hjálpa fólki.
- ☐ Hann sagði að ef galdrar væru til þá væru þeir notaðir til ills.

2. Hvers vegna ætli Kolbeinn hafi verið farinn að efast um að galdrar væru til?

3. Hvað heldur þú að það merki að magna upp draug? _____

4. Af hverju ætli Katja hafi logið að Dísu og Höllu um hvað þau Kolbeinn voru að ræða? _____

5. Hvers vegna hélt fólk að Loftur yrði mesti galdramaður Íslands?

- ☐ Hann var farinn að ríða gandreið um Stykkishólm þriggja ára.
- ☐ Hann var mjög þekktur í Stokkhólmi og gekk vel að galdra.
- ☐ Hann var þriggja ára þegar hann gat smíðað rugguhest.



6. Skoðaðu myndina á bls. 25 og lýstu því sem þar á sér stað.

7. Raðaðu orðunum hér fyrir neðan þannig að úr verði málsgrein.

Mundu eftir að byrja á stórum staf og enda á punkti.

upp draug það magnað hefur hundrað og fimmtíu enginn á Íslandi í ár

6. kafli Grasaferð, bls. 26-31

1. Hvað var hópurinn að fara gera upp í fjall?



2. Hvað eru lásagrös og hvernig má nota þau?

- ☐ Grös sem eru í laginu eins og lásar og geta læst öllum hurðum.
- ☐ Fjögralaufa smárar sem opna alla lása ef þeir eru í silkipræði um hálsinn.
- ☐ Þriggjalaufa smárar sem boða heppni.

3. Hvað merkir *að hrökkva í kút*?

- ☐ Að stökkva út í vatn með kút.
- ☐ Að detta og meiða sig.
- ☐ Að krossbregða, bregða mjög mikið.

4. Af hverju hrökk Katja í kút? _____

5. Hvers vegna flissaði Loftur? _____

6. Hvers vegna öfundaði Katja Loft?

- ☐ Hann átti auðvelt með að galdra.
- ☐ Hann fann fjögralaufa smára.
- ☐ Hann þekkti trölilið í klettinum.

7. Hvað eru forfeður og formæður? _____

8. Hvað merkir orðið *þvættingur*? _____

9. Hvað eru *afkomendur*? _____

10. Af hverju ætli Katja hafi verið Guddu þakklát? _____

11. Hvernig ætli fjögralaufa smárin hafi komist í lófann á Kötju?



7. kafli Sjónhverfingar, bls. 32-34



1. Hvernig breyttist framkoma Kolbeins eftir að hann komst í tengsl við galdramátt sinn? Nefndu að minnsta kosti tvö atriði.

2. Hvað varð um kartöfluna sem Katja stakk upp í sig?

- ☐ Katja borðaði hana með bestu lyst.
- ☐ Kartaflan breyttist í stein.
- ☐ Kartaflan breyttist í fjögralaufa smára.

3. Hvað merkir *að gefa einhverjum illt auga*? _____

4. Hvers vegna gaf Katja Kolbeini illt auga? _____

5. Hvernig vildi Kolbeinn nota galdramáttinn? _____


6. Hvað gerði Kolbeinn við Loft litla?

- ☐ Hann sendi þrumufleyg á Loft.
- ☐ Hann læsti Loft uppi á háalofti.
- ☐ Hann gaf Lofti fjallagrasaseyði.

7. Í kaflanum kemur fram skýring á því hvað *þrumufleygur* er.



Hver er skýringin? _____

8. Loftur hafði lífstein undir dýnunni sinni. Hvaða hlutverki ætli lífsteinn gegni?



9. Dragðu saman helstu atriðin úr kaflanum og endursegðu hann

í 20 orðum eða færri:



10. Eintala og fleirtala. Ljúktu við töfluna hér að neðan.

eintala (et.)	fleirtala (ft.)
strákur	
	galdrar
auga	
	sængur
nótt	
	lófar
rúm	
	tennur

8. kafli Næturævintýri, bls. 35-39



1. Hvað fór í gegnum huga Kötju þegar Loftur vakti hana?

2. Hvað óttaðist Loftur? _____

3. Hvernig galdur ætli svartigaldur sé? _____

4. Hvað fundu krakkarnir í glósubók Kolbeins?

- ☐ Táknið til að vekja upp tröll og huldufólk.
- ☐ Táknið fyrir ástfangnar manneskjur.
- ☐ Táknið til að vekja upp mann frá dauðum.
- ☐ Teikningar af Saurbæ.

5. Hvernig fór Katja að því að opna kirkjuna? _____

6. Hvað var Kolbeinn að gera inni í kirkjunni?

- ☐ Hann hafði safnað sækúnum saman og hélt þeim föngnum.
- ☐ Hann fór með galdrapulur.
- ☐ Hann var að senda þrumufleyga í allar áttir.



7. Katja heyrði krafs undir kirkjugólfinu.

Hvað gæti verið undir gólfinu?

8. Skoðaðu myndasöguna á blaðsíðu 39. Segðu skipulega og í rétttri atburðarás frá því sem er að gerast: _____

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

9. kafli Snjallræði, bls. 40-43



1. Hvers vegna fannst Kötju mikilvægt

að stöðva Kolbein?

2. Katja braut heilann eins og hún gat. Hvað merkir *að brjóta heilann*?

3. Hvernig ætlaði Katja að trufla Kolbein?

4. Hvernig undirbjó Katja sig fyrir galdurinn?

- ☐ Hún þuldi upp alla galdra sem hún kunni og vonaðist til að einhver þeirra væri sá rétti.
- ☐ Hún magnaði upp reiði í garð Kolbeins og aukakraftur gaf henni tækifæri til að ráðast á hann.
- ☐ Hún hugsaði um alla galdrameistarana sem höfðu gengið um sveitina á undan henni og kraftinn sem bjó í henni sjálfri.

5. Hvernig yfirbugaði Katja Kolbein? _____

6. Hvaða aðferð notaði Katja til að vekja fólk á Saurbæ? _____

7. Katja hélt dagbók um dvöl sína á Saurbæ og hvernig henni gekk að galdra. Það vantar hins vegar nokkur orð í dagbókina. Finndu út hvar orðin eiga að vera. Þau eru öll hér fyrir neðan.

Í dag þurfti ég að yfirstíga _____. Kolbeinn ætlaði að
_____ upp draug í _____ með særingum.

Ég náði að stoppa það með því að _____ hann og sparka bolta
í hausinn á honum. Hann _____. Síðan hringdi ég
_____ og vakti heimilisfólkið.

kirkjuklukkunum – vekja – kirkjunni – steinlá – hindrun – trufla

10. kafli Haldið heim, bls. 44-47



1. Af hverju ákvað Katja að fara heim?

2. Hverju hafði Loftur áhyggjur af?

- ☐ Hver gæti bjargað honum úr vandræðum?
- ☐ Hver gæti spilað við hann fótbolta?
- ☐ Hver gæti kennt honum að galdra?

3. Hvernig hélt Katja að Kolbeini yrði refsað?

4. Hvaða refsingu fékk Kolbeinn?

5. Rifjaðu upp hvað sagnorð eru. Finndu síðan 10 sagnorð úr kaflanum og skrifaðu þau í töfluna hér fyrir neðan.

sagnorð (so.)	

6. Raðaðu eftirfarandi nafnorðum í stafrófsröð. Þú getur rifjað upp stafrófið á bls. 55 í bókinni.

fótbolti – taska – Saurbær – galdrar – fjós – Loftur – Katja – fjörulalli

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____



Hugleiðingar að lestri loknum



1. Hvernig fannst þér bókin? Mælir þú með henni? Af hverju?

2. Um hvað fjallar sagan? Hvernig er söguþráðurinn?

3. Hvaða persóna fannst þér áhugaverðust í sögunni? Af hverju?

4. Í mörgum sögum er einhver boðskapur; skilaboð eða hugmynd sem kemur fram við lestur bókarinnar. Rifjaðu upp söguna og athugaðu hvort þú finnur einhvern boðskap. Ef til vill getur þú fundið fleiri en eitt dæmi um boðsakap. Ræddu vangaveltur þínar við félaga þinn og skrifaðu þær svo hér fyrir neðan.

5. Ímyndaðu þér að þú gætir galdrað. Hvernig myndir þú nota galdramáttinn? Skrifaðu niður nokkur atriði.

